

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 5. gr. laganna koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

2. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer í viðauka II við lögina falla brott:

4811.5109	— — — Annars	22,23 kr./kg
4811.5900	— — Annar	22,23 kr./kg
4811.5909	— — — Annars	22,23 kr./kg
4811.6009	— — Annars	22,23 kr./kg
4819.2019	— — — Annars	22,23 kr./kg
4819.2099	— — — Annars	22,23 kr./kg

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um úrvinnslugjald var lagt fram á þessu löggjafarþingi í byrjun nóvember sl. og var afgreitt sem lög frá Alþingi 13. desember sl.

Málið er flutt að beiðni fjármálaráðherra og umhverfisráðherra.

Í 5. gr. laganna er mælt fyrir um að skráður eigandi ökutækis skuli á hverju gjaldtímabili greiða 520 kr. í úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskyld ökutæki í hans eigu samkvæmt lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988. Gjaldið á að innheimta með bifreiðagjaldi með sömu gjald-daga og eindaga. Með 1. másl. 2. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um að eigendur bifreiða sem undanþegnir eru bifreiðagjaldi skuli greiða úrvinnslugjald. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldtöku úrvinnslugjalds á þennan hóp verði frestað til 1. júlí nk. Eru ástæðurnar fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis þar sem embætti ríkisskattstjóra var ekki tilbúið til að hefja gjaldtöku á þennan hóp við gildistöku laganna þar sem hann er undanþeginn greiðslu bifreiðagjalds og því ekki verið gert ráð fyrir honum við útsendingu greiðsluseðla.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nokkur tollnúmer í viðauka II við lögina verði felld brott. Í viðaukanum er fjallað um samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur. Orðalag við nokkur af tollskrárnúmerunum í frumvarpi til laga um úrvinnslugjald náðu yfir fleira en slíkar pappaumbúðir. Skipta varð því hverju tollskrárnúmeri fyrir sig upp í tvö ný tollskrárnúmer, sbr. auglýsingu nr. 169/2002, þar sem fyrra númerið í hverri uppskiptingu hefur þetta orðalag „samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur“ til þess að hægt yrði að leggja á það úrvinnslugjald. Seinna númerið átti að vera án úrvinnslugjalds og er lagt til að þau númer verði felld út úr lögnum.